



Stöðuskýrsla – Jarðhræringar á Reykjanesi

Dagsetning:	27. desember 2023	Stig:	Hættustig
Tekið saman af:	Dagbjartur Kr. Brynjarsson		
Netfang:	dagbjartur@ferdamalastofa.is	Sími:	659 9099

Föstudaginn 22. Desember gaf veðurstofan út nýtt hættumat fyrir svæðið í kringum Grindavík og Svatsengi.

Upplýsingar frá Veðurstofu Íslands

Uppfært 27. desember kl. 12:40

Um 730 jarðskjálftar hafa mælst umhverfis kvikuganginn frá því á föstudaginn 22. desember, þar af mældust tæplega 40 jarðskjálftar stærri en 1,0. Stærsti skjálftin á tímabilinu mældist 2,1 að stærð þann 26. desember, norðan við Hagafell. Ef dýpi skjálfta er skoðað fyrir tímabilið eru þeir á um 4,0 km dýpi að jafnaði. Á sama tímabili (22. des þar til kl. 09:30 í dag) mældust um 140 jarðskjálftar í vestanverðu Fagradalsfjalli þar af fimm jarðskjálftar 1,0 og stærri, þeir voru að jafnaði dýpri en við kvikuganginn, eða á um 7,0 km dýpi.

Land heldur áfram að rísa við Svartsengi og er hraðinn mjög svipaður og var fyrir eldgosið 18. desember. Þetta þýðir að kvikusöfnun heldur áfram undir Svartsengi, og eru líkur á að það leiði til annars kvikuhlaups og einnig eldgoss. Líkanreikningar benda til þess að um 11 milljónir rúmmetra af kviku hafi farið úr kvikuhólfinu undir Svartsengi og inn í kvikuganginn sem myndaðist þann 18. desember og endaði í eldgosu. Miðað við núverandi hraða á landrisinu mun taka um tvær vikur fyrir sama rúmmál að safnast í kvikuhólfið. Mikil óvissa er þó um hvenær þrýstingur í kvikuhólfinu verður nógu hár til að koma af stað nýju kvikuinnskoti.

Rétt er að benda á að kvikugangurinn sem myndaðist 10. nóvember náði um 15 km leið, frá Kálfafellsheiði í norðri og út í sjó suðvestan við Grindavík. Þetta þýðir að kvika hafi náð undir allt svæðið. Líklegasta upptakasvæði fyrir næsta eldgos er þó á milli Stóra-Skógfells og Hagafells. Áfram eru líkur á eldgosu sem aukast með hverjum deginum sem líður.

Hættumatskort sem gefið var út 22. desember er enn í gildi. Nýtt hættumatskort verður gefið út næsta föstudag, 29. desember.

Upplýsingar frá Lögreglustjóranum á Suðurnesjum.

Uppfært 27. Desember kl 11:00:

Landris heldur áfram við Svartsengi.

Hættumatskort Veðurstofu Íslands hefur gildistíma til kl. 18:00 þann 29. desember. Samkvæmt núgildandi hættumatskorti Veðurstofu Íslands er í Grindavík töluverð hættu á jarðskjálftum, sprungum og sprunguhreyfingum. Íbúum Grindavíkur er áfram heimilt



að fara og dvelja heima hjá sér þar til breytingar á hættumatskortu gefa tilefnis til annars, sem gæti gerst með skömmum fyrirvara.

Sérstaklega er þó ítrekað að;

Eldgos getur hafist nágrenni Grindavíkur með stuttum fyrirvara.

Erfitt getur reynst að tryggja öryggi þeirra sem dvelja eða gista inni á hættusvæði. Þeir sem fara inn á merkt hættusvæði gera það á eigin ábyrgð.

Viðbragð björgunarsveita er áfram skert. Engin björgunarsveit verður í Grindavík.

Kallið eftir aðstoð með því að hringja í 112.

Hefjist gos í eða við Grindavík verða send út sms skilaboð á gsm síma inn á svæðinu með þessum texta: RÝMING RÝMING! Yfirgefið svæðið hratt og örugglega, hringið í 112 ef ykkur vantar aðstoð. RÝMING RÝMING EVACUATE! Leave the area quickly and safely, call 112 if you need help.

Lögregla sinnir eftirliti í og við Grindavík eins og verið hefur allan sólarhringinn.

Liðsmenn björgunarsveitarinnar í Grindavík eru dreifðir um landið og ekki til staðar í bænum.

Mögulegar flóttaleiðir: Nesvegur, Suðurstrandarvegur, Grindavíkurvegur.

Frá Ferðamálastofu

Þann 20. desember opnaði Ferðamálastofa ásamt Almannavörnum, Íslandsstofu og Safetravel fjölmiðlasetur fyrir erlenda fréttamenn, að Hringhelli 9a. Fjölmiðlasetrið var strax vel nýtt af fjölmörgum fjölmiðlateymum og var setrið í sambandi við um það bil 50 fjölmiðlateymi víðs vegar frá. Þann 23. Desember var fjölmiðlasetrið svo fært yfir í vöktun á netfanginu press@itb.is. Það netfang verður vaktað áfram og munum við styðja við þær beiðnir sem koma þangað.

Frekari upplýsingar veitir Dagbjartur í dagbjartur@ferdamalastofa.is eða 6599099

